



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 5. október 2023

Efni: Styrkbeiðni frá Kvennaathvarfi

Með tölvupósti dags. 24.01.2023 óskaði Kvennaathvarfið eftir áframhaldandi rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ vegna ársins 2023.

Kvennaathvarfið býður upp á margvíslega aðstoð og stuðning til kvenna og barna sem búa við ofbeldi og er eftir rekstur til 40 ára orðið ómissandi hluti þeirra þjónustu sem þolendum ofbeldis stendur til boða í samfélaginu.

Kvennaathvarfið þjónustar konur af öllu landinu og þær sem koma til viðtals eða dvalar í athvarfið er fjölbreyttur hópur. Stöðug aukning er á ásókn í úrræði athvarfsins. Mikil þróun hefur orðið í starfseminni undanfarin ár ekki síst í þjónustu við börn þeirra kvenna sem til athvarfsins leita, aukin viðtalsþjónusta, aukin þjónusta við landsbyggðina með opnun athvarfs á Akureyri og opnun áfangaheimilis sem millibilsúrræðis fyrir konur sem gist hafa athvarfið.

Undanfarin ár hefur Velferðarráð Kópavogs styrkt Kvennaathvarfið árlega um 1.000.000kr. Í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka.

Lagt er til að Kvennaathvarfinu verði veittur styrkur á árinu 2023 að upphæð 1.000.000 kr.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri